



Fundargerð hreppsnefndar 23. mars 2017

Fundur nr. 57 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 23. mars 2017 í Miklagröi kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Ása Sigurðardóttir, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

1. Menningarmálanefndar dags. 15. febrúar 2017

Unnur Ósk gerði nánari grein fyrir 3. tl. fundargerðar og að aflokinni umræðu tekur sveitarstjórn jákvætt í málið. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

1. Starfshóps um Finnfjarðarverkefnið dags. 7. mars 2017

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu sem annar var til kynningar.

3. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. mars 2017

2. tl. tekinn til umræðu og samhljóða samþykkt að leita eftir leiðsögn Yrkis arkitekta hér að lútandi. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

4. Velferðarnefndar dags. 14. mars 2017

Sveitarstjórn er jákvæð í afstöðu sinni til 2. tl. og vísar til fjárhagsáætlunar. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

5. Nefndar um byggingu vallarhúss á íþróttasvæði sveitarfélagsins dags. 15. mars 2017.

Lagt fram til kynningar. Málið tekið til umræðu að formlegum fundi sveitarstjórnar loknum.

6. 392. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

7. 847. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

1. Almennavarnarnefndar Múlapings dags. 28. febrúar 2017

Lagt fram til kynningar.

1. 6. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

1. 4. fundar svæðisskipulagsnefndar SSA

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

1. Tillaga að opnunartíma Sundlaugar í Selárdal

Fyrirliggjandi tillaga að breyttri opnun Selárlaugar samhljóða samþykkt.

2. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga 120. mál, lagt fram til umsagnar

Sveitarstjórn ákveður að nýta sér ekki umsagnarréttinn.

3. Málefni fyrirhugaðs Strandblakvallar

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu en síðan samhljóða samþykkt að málið verði unnið áfram samkvæmt tillögu byggingafulltrúa.

4. Drög að samþykktum fyrir ungmennaráð

Samþykktinar samhljóða samþykktar.

5. Tillaga stjórnar SvAust ehf. um fyrirkomulag á rekstri almenningssamgangna á Austurlandi.

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Orkustofnum um hugsanlega virkjanakosti í Vopnafjarðarhreppi

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Orkustofnunar og vísar til atvinnu- og ferðamálanefndar.

2. Lánasjóði sveitarfélaga ohf, um aðalfund sjóðsins sem haldinn verður 24. mars 2017

Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri sæki fundinn.

3. Veiðifélagi Vesturdalsár um aðalfund félagsins sem haldinn verður 23. mars 2017

Sveitarstjóri mun sitja fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:45.

[Eylgigögn fundar 230317.pdf](#)